

## Fyrirspurn

til umhverfísráðherra um tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver voru tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans til íslensku ríkisstjórnarinnar í desember 2004?
2. Hefur verið brugðist við tilmælunum? Ef ekki, hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við þeim?